

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Elisabeth Zeuthen Schneider  
fiðluleikari

og  
Halldór Haraldsson  
píanóleikari

Þriðjudaginn 30. júlí 1996 kl 20:30

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

**Elisabeth Zeuthen Schneider** fiðluleikari stundaði nám hjá Milan Vitek og Endre Wolf við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum, hjá Stanley Ritchie í Bloomington og í New York hjá Isidore Cohen frá Beaux Arts tríóinu. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga meðal annars styrk úr Gade-sjóðnum og ferðastyrki sem kenndir eru við Carl Nielsen og Sonningsjóðinn. Elisabeth Zeuthen hefur starfað með Det Kgl. Kapel og dönsku útvarpshljómsveitinni. Hún hefur leikið einleik með helstu hljómsveitum í Danmörku og hefur meðal annars haldið tónleika í Bandaríkjunum. Elisabeth Zeuthen Schneider er dósent við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

**Halldór Haraldsson** lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1960 og stundaði síðan framhaldsnám hjá Gordon Green við Royal Academy of Music í London árin 1962-65, en þaðan lauk hann prófi sem einleikari. Halldór hélt sína fyrstu opinberu tónleika á vegum Tónlistarfélagsins í Reykjavík 1965. Síðan hefur hann haldið fjölda tónleika bæði heima og erlendis og var til dæmis valinn til að fara í tónleikaferð um öll Norðurlönd á vegum Nordisk Solistráð 1973. Þá hefur hann leikið marga píanókonserterna með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands, verið virkur í kammertónlist og farið í margar utanlandsferðir í því skyni. Halldór hefur frumflutt mörg verk íslenskra samtíðartónskálda og hefur haldið tónleika með Gísla Magnússyni píanóleikara, þar sem þeir hafa leikið verk fyrir tvö píanó. Árið 1988 stofnaði hann Trío Reykjavíkur ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara.

Halldór hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík síðan 1966 og er nú skólastjóri við sama skóla.

### *Efnisskrá*

Johannes Brahms  
(1833 - 1897)

Scherzo opus posthum

Johannes Brahms  
(1833 - 1897)

Sónata í G-dúr op. 78  
Vivace ma non troppo  
Adagio  
Allegro molto moderato

Robert Schumann  
(1810 - 1856)

Sónata í a-moll, op. 105  
Mit leidenschaftlichen Ausdruck  
Allegretto  
Lebhaft